

3. apríl 1984

247

Nr. 173

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 5. apríl til og með 15. maí 1984 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan í eftirgreinda punkta:

- a) 64°04'9 N, 23°45'0 V.
- b) 64°04'9 N, 23°42'0 V.
- c) 64°20'0 N, 23°42'0 V og þaðan í 90° réttvísandi.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 5. apríl til og með 15. maí 1984 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 63°10'0 N, 22°00'0 V.
- b) 63°25'3 N, 22°00'0 V.
- c) 63°33'7 N, 23°03'0 V.

3. gr.

Þrátt fyrir bann samkvæmt 1. og 2. gr. eru togveiðar heimilar á greindum svæðum á tímabilinu frá kl. 22.00 17. apríl til kl. 12.00 á hádegi 24. apríl 1984.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 5. apríl 1984 fellur úr gildi reglugerð nr. 743 3. nóvember 1983, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. apríl 1984.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Eyþórsson.